

Fundargerð 80. fundar

verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2023, mánudaginn 9. janúar kl. 10:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Viggó Gunnarsson, Steinþór Þórðarson, Hildigunnur Rut Jónsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir og Stefán Aspar Stefánsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Freyr Eyjólfsson starfsmaður, Þorgerður M. Þorbjarnardóttir starfsmaður og Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 79. fundar - 2210013SA

Fundargerð 79. fundar lögð fram til samþykktar. Ekki komu fram ábendingar við fundargerðina.

2. Vinnustofa um niðurstöður starfshóps um framlengda framleiðendaábyrgð - 2009107SA

Meginefni fundarins var að ræða áherslur fulltrúa sveitarfélaga á vinnustofu sem fram fer 11. janúar n.k. Farið var yfir þau álitæfni úr skýrslu starfshóps um fyrirkomulag framleiðendaábyrgðar, sem rædd verða á vinnustofunni. Jafnframt er í bakgrunni skýrsla Ríkisendurskoðunar um starfsemi Úrvinnslusjóðs, sem birt var sl. haust.

Samhljómur er um það innan verkefnisstjórnar að halda þurfi á lofti sjónarmiðum um inntak framleiðendaábyrgðar skv. löggjöf ESB, þ.e. að framleiðendaábyrgðarkerfi skuli bera allan kostnað við söfnun og meðhöndlun þeirra úrgangsflokka sem þar falla undir. Óháð því hvaða breytingar kunni að vera gerðar á Úrvinnslusjóði þurfi jafnframt að vinna á grundvelli áherslna í skýrslu Ríkisendurskoðunar um aukið gagnsæi, bæði varðandi utanumhald gagnvart sveitarfélögum og um ráðstöfun þess úrgangs sem til fellur. Hvort tveggja eru grundvallaratriði varðandi trúverðugleika framleiðendaábyrgðarkerfa. Til þess að vinna að fyrri markmiðinu þarf að auka þekkingu hjá sveitarfélögum þannig að starfsmenn þeirra hafi forsendur til að gæta hagsmuna þeirra gagnvart Úrvinnslusjóði og þjónustuaðilum, ásamt því að uppgjör við sveitarfélögin byggji á raunkostnaðarmódeli. Varðandi síðarnefnda markmiðið þarf jafnframt að vera mögulegt að sannreyna upplýsingagjöf Úrvinnslusjóðs, svo sem um hvort markmiðum um úrvinnsluhlutfall hafi verið náð. Vottun þriðja aðila getur verið þáttur í að ná þessu markmiði.

Í tillögum starfshóps er lagt til að skoðað verði að Úrvinnslusjóður styðji með beinum hætti við nýsköpun, mögulega með því að ákveðnu hlutfalli úrvinnslugjalds verði ráðstafað til nýsköpunarverkefna í gegnum samkeppnissjóð. Verkefnisstjórn er jákvæð gagnvart þeirri tillögu en áréttar jafnframt mikilvægi þess að bæta úrgangstölfræði og tengja hana betur við þau markmið sem Úrvinnslusjóður vinnur eftir. Framtíðarsýn verkefnisstjórnar er að við álagningu úrvinnslugjalds/skilagjalds á vörur sem bera framleiðendaábyrgð þurfi að vera innbyggðir hvatar til árangurs í sérsöfnun og bættrar meðhöndlunar. Prepaskipt gjöld hugnast verkefnisstjórn best til að ná því markmiði, en jafnframt þarf að stíga markviss skref til að bæta innheimtu úrvinnslugjalds. Aðrar leiðir sem ná sömu markmiðum geta þó verðskuldað frekari rýni, svo sem að úrvinnslugjald verði innheimt við smásölu.

Verkefnisstjórn er einhuga um að fræðsla um úrgangsmeðhöndlun og vinna að úrgangsforvörnum verði skilgreint sem verkefni Úrvinnslusjóðs og verði leiðarljós í starfsemi sjóðsins. Mögulegt er að fræðsluverkefnum verði útvistað af hálfu sjóðsins.

Verkefnisstjórn telur þörf á vönduðu samtali um hugmyndir um breytingar á stjórn Úrvinnslusjóðs. Vel megi skoða að breyta hlutverki stjórnar þannig að hún færist meira í það að verða rekstrar- og eftirlitsstjórn. Jafnframt sé tilefni til að endurskoða skipan stjórnarinnar, svo sem með aðkomu fulltrúa neytenda og umhverfisverndarsamtaka. Verkefnisstjórn bendir á að þar sem gerður hefur samningur milli Úrvinnslusjóðs og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi er ástæðulaust að SFS tilnefni fulltrúa í stjórn sjóðsins.

Verkefnisstjórn telur að í umræðu um að fjölga samningum milli Úrvinnslusjóðs og framleiðenda og einnig varðandi möguleika á að framleiðendur taki algerlega yfir verkefni sem nú eru hjá Úrvinnslusjóði, þurfi að draga lærdóma af þeim samningum sem gerðir hafa verið um veiðarfæraúrgang og raftækja- og rafeindatækjaúrgang. Verka- og ábyrgðarskipting þurfi að vera mjög skýr gagnvart þessum kerfum og upplýsingagjöf gegnsæ ásamt því að eftirlit verði skilvirkt.

3. Önnur mál - 2009111SA

Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 12:00

Jón Viggó Gunnarsson

Steinþór Þórðarson

Hildigunnur Rut Jónsdóttir

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

Stefán Aspar Stefánsson